

Fundur 7. maí 2007

Fundur var haldinn í **skipulags- bygginga- og hafnarnefnd** Reykhólahrepps ánuðaginn 7. maí 2007.
kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.

Fundargerð rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Guðmundur Ólafsson, Karl Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson, Bogi Kristinsson og Óskar Steingrímsson.

Sveinn bauð menn velkomna og setti fundinn.

Dagskrá:

1. Bréf frá Siglingastofnun dags. 10.04.2007 með ósk um að fjallað verði um fyrirhugaðar dýpkunarframkvæmdir á árinu 2007 og samþykki eða athugasemdir hafnarstjórnar sendar stofnuninni. Samþykkt athugasemdarlaust, sveitarstjóra falið að svara erindinu.
- 2.
3. Bréf dags. 20.04.2007 frá Ragnheiði Guðjónsdóttur með ósk um breytingu á skráðri nýtingu á fasteing nr. 222-3668 úr iðnaðarhúsi í sumarhús. Afgreiðslu frestað á meðan byggingafulltrúi aflar nánari gagna og upplýsinga.
3. Bréf frá Karli Gunnarssyni fyrir hönd eigenda Vertshúsa í Flatey með ósk um leyfi fyrir endurbyggingu skúrs norðan við Vertshús í Flatey. Erindinu synjað þar sem grunnflötur hússins er stærri en byggingareitur samkvæmt gildandi deiliskipulagi.
4. Bréf (ódagsett) frá Sigurbjörgu Jónsdóttur móttekið 16. apríl 2007 þar sem sótt er um lóð og leyfi til að endurgera í upprunalegri mynd hús sem stóð í Hólsbúð í Flatey 1844-1860. Um er að ræða svokallað Kúldshús, byggt af Eiríki Kúld. Bygginganefnd tekur jákvætt í þá hugmynd að Kúldshús verði endurbyggð út í Flatey. Til stendur að fara í endurskoðun á gildandi deiliskipulagi Flateyjar. Engum lóðum verður úthlutað fyrr en þeirri vinnu lýkur.
5. Erindi frá Stekkjarlundi ehf (Hótel Bjarkalundur) þess efnis að deiliskipulagi verið breytt fyrir Hótel Bjarkalund svo koma megi fyrir smáhýsum. Sömuleyðis sótt um stöðuleyfi fyrir tvo gáma. Samþykkt að auglýsa breytingar á deiliskipulaginu. Samþykkt að veita stöðuleyfi til þriggja ára í samræmi við meðfylgjandi gögn.
6. Önnur mál.
Tölvupóstur dags. 7. maí 2007 frá Vatnsveitu Flateyjar um endurbætur og aukningu vatnsgæða og vatnsmagns. Beiðni um leyfi til breytinga á staðsetningu vatnstanka og að setja niður fleiri. Nefndin tekur jákvætt í þessar hugmyndir og mun taka erindið til afgreiðslu þegar nánari upplýsingar/teikningar liggja fyrir.
7. Skipulags- og bygginganefnd beinir því til hreppsnefndar Reykhólahrepps að hefja sem fyrst vinnu við endurskoðun á deiliskipulagi Flateyjar.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 17:50.

Sveinn Ragnarsson (sign)

Guðmundur Ólafsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Bogi Kristinsson

Egill Sigurgeirsson (sign)